

Nd.

158. Frumvarp til laga

[107. mál]

um breyting á lögum nr. 98 31. desember 1979, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í 1. gr. laga nr. 98 1979 til bráðabirgðafjárgreiðslna úr ríkissjóði á árinu 1980, skal gilda til 3. apríl 1980.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Ennfremur er fjármálaráðherra heimilt að selja innlánsstofnunum ríkissjóðsvíxla eða ríkisskuldabréf í sama tilgangi.

3. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að fjárhæð allt að 5 600 m.kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þar sem nú er ljóst að fjárlög fyrir árið 1980 verða ekki sett fyrir miðjan febrúar 1980 ber brýna nauðsyn til að framlengja gildi laga nr. 98 31. desember 1979 um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980 o. fl., en greiðsluheimildir þeirra laga renna út hinn 15. febrúar nk.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greiðsluheimildir sem falla áttu úr gildi hinn 15. febrúar nk. eru framlengdar til 3. apríl nk.

Um 2. gr.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að athugað verði um kaup innlánsstofnana á ríkissjóðsvíxlum og ríkisskuldabréfum til skamms tíma til þess að fjármögnun á árstíðabundnum halla ríkissjóðs verði sem mest utan Seðlabankans. Í samræmi við þetta er leitað eftir lagaheimild til slíkrar lántöku.

Um 3. gr.

Í fjárlagafrumvörpum sem lögð voru fyrir 101. og 102. löggjafarþing er gert ráð fyrir að verulegs fjár til að standa straum af kostnaði við lánsfjármagnaðar framkvæmdir verði aflað með sölu spariskirteina ríkissjóðs. Undanfarin ár hefur hluti þeirra spariskirteina, sem til sölu er, verið settur á markað í marsmánuði. Þar sem ekki er öruggt að fjárlög verði afgreidd þegar hagkvæmast er að bjóða spariskirteini til sölu er þessarar lagaheimildar leitað nú.